Verkefni: Stjórnarskiptafundur Gígjunnar.
Dagsetning fundar: 5. janúar 2015
Tímasetning fundar: kl. 18:00 - 19:00
Fundarstaður: Melgerði 16, Reykjavík

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Þórhildur Kristjánsdóttir (ÞK)	formaður	Skype
Anna Lilja Ottósdóttir	stjórnarmaður	Símasambandi
Dagbjört Ottósdóttir (DO)	varaformaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Guðlaug Ásgeirsdóttir (GÁ)	gjaldkeri	Mætt
Ragnheiður Helgadóttir (RH)	meðstjórnandi	Mætt
Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	vefstjóri	Mætt

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

1. Formleg stjórnarskipti.
Þórhildur verður áfram formaður Gígjunnar. Steiney fer úr stjórn og Anna Lilja kemur inn í staðinn. Dagbjört verður áfram varaformaður, Guðlaug verður áfram gjaldkeri, Ragnheiður tekur við sem ritari, Anna Lilja verður meðstjórnandi og Aðalheiður verður áfram vefstjóri. Í varastjórn verða áfram Kolbrún Halldórsdóttir og Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir. Snæfríð Egilsson fer úr varastjórn og inn kemur Una Þórey Sigurðardóttir.

2. Fundaáætlun.
Ákveðið var að næsti stjórnarfundur verði mánudaginn 9. mars kl. 18:00 í Vínhúsinu Hafnarfirði. RH ætlar að festa fundarstaðinn. Næsti fundur er síðan áætlaður í maí og verður dagsetningin ákveðin á marsfundinum.

3. Verkefni ársins.
DO benti á að hægt væri að sækja um styrk hjá Eflu vegna tónleika kvennakóra í Hörpu í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Gígjan er búin að fá 250.000 kr. styrk frá 100 ára afmælisnefndinni vegna tónleikanna. Stefnt er að því að hafa tónleikana á aðventunni eða í nóvember 2015. Einnig var rætt um að láta semja lag fyrir Gígjuna af þessu tilefni. Ákveðið var að lag og ljóð yrði eftir konur. GÁ ætlar að vera í sambandi við Margréti Pálmadóttur og Heiðu Gunnarsdóttur vegna ákvarðana um dagsetningar og fleira er varðar tónleikana, en þær þrjár skipa undirbúningsnefnd fyrir viðburðinn.
Ekkert hefur heyrst meira varðandi sameiginlegan starfsmann kóranna og ekki verið boðaður fundur varðandi það mál.

4. Landsmót 2017.
ÞK ætar að hafa samband við kvennakór Ísafjarðar til að fá dagsetningu mótsins á hreint. Einnig þurfa að koma meiri upplýsingar um það hvernig gistimál eru og hvort það þurfi að takmarka fjölda kvenna á mótið. Rætt var um hvort að það þurfi hreinlega að halda

landsmótin á höfuðborgarsvæðinu þar sem fjöldinn sé orðinn það mikill að minni sveitarfélög hafi ekki gistirými til staðar.

5. Sönghefti.
Bíða þarf og sjá hvort Gígjan fái styrk til að gefa út sönghefti sem rætt var um á aðalfundinum. Þetta er sönghefti með kvennakóralögum, sem kæmu frá kórunum.

6. Félagsgjöld.
AG ætar að senda út bréf á stjórnir kvennakóranna til að rukka félagsgjöldin fyrir árið 2015.

7. Stjórnarskiptafundur.
Ákveðið var að næst yrði stjórnarskiptafundur í framhaldi af aðalfundinum þar sem konur eru ekki allar á höfuðborgarsvæðinu og erfitt að ná saman öllum konunum. Aftur á móti eru yfirleitt allar stjórnarkonur á aðalfundi og gott að halda stjórnarskiptafundinn á þeim degi.

Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl. 19:00

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir